

**Sp.**

## **222. Nefndarálit**

**[1. mál]**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1981 var vísað til fjárveitinganefndar hinn 11. nóv. s. l., en nefndin hóf störf þegar hinn 1. okt., 10 dögum áður en þing kom saman, og átti þá viðtöl við fulltrúa um 60 sveitarfélaga. Síðan hefur nefndin fjallað um frumvarpið á 35 fundum auk þess að undirnefndir hafa starfað að einstökum málaflokkum.

Nefndin er ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins og munu fulltrúar stjórnarandstöðunnar gefa út sérálit. Nefndin flytur sameiginlega breytingartillögur á þingskjali 209 og 220, en fulltrúar stjórnarandstöðunnar taka fram, að þeir hafa óbundnar hendur um fylgi við einstakar breytingartillögur í því þingskjali, og áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma, og þeir hafa sérstaka fyrirvara gagnvart einstökum tillögum á þskj. 209 varðandi skiptingu fjár til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.

Nefndin leggur við 2. umræðu fram tillögu um skiptingu svo til allra þátta verklegra framkvæmda í A-hluta fjárlagafrumvarpsins, en málefni stofnana í B-hluta frv. svo og heimildarákvæði í 6. gr. bíða 3. umræðu að venju. Enn fremur bíða 3. umræðu ýmis einstök málefni þ. á m. málefni Rannsóknastofnana ríkisins, Landspítala og sjúkra- og hjúkrunarstofnana á vegum annarra en ríkis og sveitarfélaga.

Hinn 3. des. s. l. kom forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar á fund fjárveitinganefndar og gerði grein fyrir áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1980 og hvers mætti í stórum dráttum vænta um endurmat á tekjuáætlun fyrir árið 1981.

Þar sem Þjóðhagsstofnun telur ekki fært að endurmeta tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins í einstökum atriðum fyrr en borist hafa innheimtutölur nóvembermánaðar, hefur ekki reynst kleift fremur en nánast ávallt áður að leggja fram breytingartillögur við tekjuhlið frv. við 2. umræðu.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á gjaldahlið frv. eru þessar:

### **00 Æðsta stjórn ríkisins.**

- 201 Hús Jóns Sigurðssonar: Liðurinn hækki um 5 000 þús. kr. og verði 35 462 þús. kr.  
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka: Liðurinn hækki um 9 940 þús. kr. og verði 76 205 þús. kr.

### **01 Forsætisráðuneyti.**

- 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 3 000 þús. kr. vegna líffræðirannsóknna í Þingvallavatni. Sértekjur hækki um 1 500 þús. kr., enda greiðir Landsvirkjun helming kostnaðar við rannsóknirnar. Ríkisframlag hækki því um 1 500 þús. kr.

## 02 Menntamálaráðuneyti.

- 201 Háskóli Íslands. Launaliður lækki um 853 þús. kr. hjá verkfræðideild vegna leiðréttingar, en stöðu prófessors í tölvunarfræði er breytt í stöðu dósents í rafmagnsverkfræði.
- 203 Raunvísindastofnun háskólans: Nýtt viðfangsefni. Sérstök verkefni 27 000 þús. kr. Hér er um að ræða 12 000 þús. kr. til rannsókna á gerð eldsneytis úr innlendu hráefni í samvinnu við erlenda aðila og 15 000 þús. kr. til rannsókna á nýtingu vindorku til húshitunar og smíði tilraunamyllu fyrir varmaveitu í Grímsey.
- 322 Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 14 000 þús. kr. og verði 30 000 þús. kr.
- 331 Íþróttakennaraskóli Íslands: Viðhald verði 9 000 þús. kr., en liður þessi féll niður við gerð fjárlagafrumvarps.
- 354 Fjölbautaskólinn á Akranesi: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 5 000 þús. kr. og verði 45 000 þús. kr.
- 357 Framhaldsskóli á Selfossi: Hér er um lið að ræða sem var nýr í fjárlögum 1980, en féll niður í fjárlagafrumvarpi 1981. Stofnkostnaður verði 40 000 þús. kr.
- 422 Námsgagnastofnun, bókaútgáfa: Liðurinn hækki um 150 000 þús. kr.
- 610 Héraðsskólar almennt: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 121 000 þús. kr. og verði 183 000 þús. kr. Sundurliðun er í sérstöku yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar.
- 563 Tónlistarfræðsla: Liðurinn Tónlistarskólar, stofnkostnaður hækki um 13 500 þús. kr., verði alls 15 000 þús. kr. og skiptist eins og sýnt er í sundurliðun í breytingartillögum nefndarinnar.
- 610 Héraðsskólar almennt: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 21 000 þús. kr. og verði 301 000 þús. kr. Sundurliðun er í sérstöku yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar.
- 791 Skíðakennsla í skólum: Liðurinn hækki um 1 500 þús. kr.
- 792 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra: Liðurinn hækki um 719 000 þús. kr., verði 4 247 000 þús. kr. og skiptist eins og sýnt er í sundurliðun í breytingartillögum nefndarinnar.
- 797 Stofnanir afbrigðilegra barna: Nýr liður: Gjaldfærður stofnkostnaður 15 000 þús. kr. vegna búnaðar í eldri stofnanir.
- 803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður: Liðurinn hækki um 300 000 þús. kr. og verði 1 100 000 þús. kr. Skipting á einstakar framkvæmdir er sýnd í breytingartillögum nefndarinnar.
- 881 Náms- og fræðimenn, framlög: Liðurinn Menntastofnun Bandaríkjana á Íslandi hækki um 500 þús. kr. og verði 1 500 þús. kr. — Liðurinn Styrkur til útgáfastarfa hækki um 200 þús. kr. og verði 22 200 þús. kr. Liðnum er skipt af fjárveitinganefnd og hefur nefndin þegar ákveðið skiptingu hans. — Liðurinn Starfsemi stúdenta hækki um 390 þús. kr. og verði 1 200 þús. kr.
- 885 Fullorðinsfræðsla: Liðurinn Bréfaskólinn hækki um 2 200 þús. kr. og verði 12 000 þús. kr. — Liðurinn Námsflokkar hækki um 2 000 þús. kr. vegna Öldungadeildar í Hveragerði og verði alls 5 000 þús. kr. — Liðurinn Félagsmálanámskeið, sem er framlag til Samvinnuskólans vegna námskeiðahalds, hækki um 200 þús. kr. og verði 3 000 þús. kr. — Nýr liður: Heimilisiðnaðarskólinn 2 000 þús. kr.
- 902 Þjóðminjasafn Íslands: Liðurinn Til sveitarfélaga hækki um 30 000 þús. kr. og verði 68 000 þús. kr. Lið þessum hefur verið skipt af nefndinni í samráði við þjóðminjavörð. — Nýr liður: Sjóminjasafn Íslands 30 000 þús. kr.
- 931 Náttúruverndarráð, rannsóknastörf við Mývatn: Liðurinn hækki um 2 000 þús. kr. vegna stofnkostnaðar og verði 8 588 þús. kr.
- 981 Kvikmyndasafn Íslands: Liðurinn fái nýtt númer og verði 908 Kvikmyndasafn Íslands. Tölur breytist ekki.

- 982 Listir, framlög: Liðurinn Listiðnaðarmál hækki um 1 000 þús. kr. og verði 2 000 þús. kr. sem skiptist sem hér segir: Sigrún Jónsdóttir 750 þús. kr., Guðrún Vigfúsdóttir 750 þús. kr. og óráðstafað 500 þús. kr.
- 984 Norræn samvinna: Liðurinn Norræna félagið hækki um 1 000 þús. kr. og verði 3 500 þús. kr.
- 986 Íþróttasjóður, bygging íþróttamannvirkja. Liðurinn hækki um 50 000 þús. kr., verði 700 000 þús. kr. og skiptist eins og sýnt er í sundurliðun í breytingartilögum nefndarinnar.
- 987 Viðeyjarstofa, endurbætur: Heiti liðarins breytist og verði Viðeyjarstofa og Nesstofa, endurbætur. Hér er um að ræða leiðréttingu á mistökum í prentun fjárlagafrumvarps.
- 988 Æskulýðsmál: Liðurinn hækki alls um 10 990 þús. kr. sem skiptist sem hér segir: Æskulýðsráð ríkisins 1 800 þús. kr. — Æskulýðssamband Íslands 1 000 þús. kr. — Ungmennafélag Íslands 7 100 þús. kr. — Bandalag ísl. skáta 400 þús. kr. — Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns 110 þús. kr. — Bandalag ísl. farfugla 70 þús. kr. — Íslenskir ungtemplarar 220 þús. kr. — Landssamband KFUM og KFUK 150 þús. kr. — KFUM, starfsemi í Vatnaskógi 40 þús. kr. — KFUK, starfsemi í Vindáshlíð 100 þús. kr.
- 989 Ýmis íþróttamál, Íþróttasamband Íslands. Liðurinn hækki um 8 000 þús. kr. og verði 205 000 þús. kr.
- 999 Ýmislegt. Liðurinn hækki alls um 43 390 þús. kr., þar af um 1 100 þús. kr. vegna nýs liðar: Byggðasafn að Reykjum í Hrótafirði 900 þús. kr., vegna nýs liðar: Náttúrugripasafn á Selfossi 1 000 þús. kr., vegna nýs liðar: Minnisvarði um Egil Skallagrímsson á Borg á Mýrum, og 1 000 þús. kr. vegna liðar sem var áður í fjárlögum, en hafði fallið niður: Svifflugfélag Íslands. Framlag til minnisvarða um Ara fróða að Staðarstað, 2 000 þús. kr., er lokagreiðsla. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um aðrar hækkunir. Ýmis framlög eru styrkir sem menntamálaráðuneyti veiti til einstaklinga og samtaka að nokkru leyti að tillögu fjárveitinganefndar.

#### 04 Landbúnaðarráðuneyti.

- 231 Skógrækt ríkisins. Þær breytingar, sem lagðar eru til, eru tilfærslur á milli viðfangsefna án þess að um sé að ræða hækkun á framlagi í heild.
- 241 Landnám ríkisins: Nýr liður 15 000 þús. kr., sem er til bæja á Hólsfjöllum. Framlag var til þessa í fjárlögum 1980, 20 000 þús. kr., en ekki var áætlað fyrir lið þessum í fjárlagafrumvarpi 1981.
- 299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Liðurinn Landssamband ísl. hestamanna, til leiðbeininga um hestamennsku hækki um 100 þús. kr. — Liðurinn Æðarræktarfélag Íslands hækki um 100 þús. kr. — Liðurinn Efnarannsóknastofa Norðurlands hækki um 650 þús. kr. — Liðurinn Búnaðarsamband Suðurlands, tilraunastöðvar, hækki um 5 000 þús. kr., og er þá í heildartölunni gert ráð fyrir framlögum til tilraunastöðvanna í Laugardælum og Stóra-Ármóti. — Liðurinn Skógræktarfélag Íslands hækki um 2 200 þús. kr.

#### 05 Sjávarútvegsráðuneyti.

- 202 Hafrannsóknastofnun: Nýr liður: Útibú í Ólafsvík 3 000 þús. kr.

#### 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

- 253 Almannavarnir: Liðurinn hækki um 40 000 þús. kr.: 20 000 þús. kr. vegna fær-anlegrar stjórnstöðvar og 20 000 þús. kr. vegna varnargarðs við Vík í Mýrdal.
- 301 Þjóðkirkjan: Liðurinn Dómprófastsembættið í Reykjavík hækki um 700 þús. kr. og verði 2 500 þús. kr. vegna skrifstofukostnaðar.

#### 07 Félagsmálaráðuneyti.

- 953 Jafnréttisráð. Önnur rekstrargjöld hækki um 600 þús. kr. vegna vanáætlaðs húsnæðiskostnaðar.
- 999 Ýmis framlög: Liðurinn hækki alls um 64 680 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um einstakar hækkunar á framlögum.

#### 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

- 381 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkis-sjúkrahúsa. Liðurinn hækki um 700 000 þús. kr., verði 5 000 000 þús. kr. og skiptist eins og sýnt er í sérstöku yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar.
- 399 Ýmis heilbrigðismál: Liðurinn hækki alls um 91 120 þús. kr. Hjartavernd hækki um 25 000 þús. kr. — Krabbameinsfélag Íslands hækki um 40 620 þús. kr. — Sjúkraflug hækki um 11 000 þús. kr. og verði 30 000 þús. kr. Fjárveitinganefnd hefur þegar skipt liðnum upp á milli viðtakenda. — Starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar hækki um 1 500 þús. kr. og verði 4 500 þús. kr.
- 471 Gæsluvistarsjóður, framlag: Liðurinn Gæsluvistarsjóður hækki um 20 000 þús. kr. sem varið skal til móttökudeildar fyrir áfengissjúklinga á Kristneshæli. — Vernd, félagasamtök hækki um 500 þús. kr. og verði 1 500 þús. kr.
- 481 Bindindisstarfsemi: Áfengisvarnir hækki um 4 000 þús. kr. vegna fræðslustarfs samstarfsnefndar um vímuefni. Stórstúka Íslands hækki um 3 200 þús. kr. og verði 9 500 þús. kr.

#### 09 Fjármálaráðuneyti.

- 383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn: Liðurinn hækki um 21 225 þús. kr.
- 384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur: Liðurinn hækki um 9 850 þús. kr.

#### 10 Samgönguráðuneyti.

- 211 Vegagerð ríkisins. Liðurinn Til einstaklinga og samtaka hækki um 4 500 þús. kr. og verði 13 000 þús. kr. Lið þessum hefur fjárveitinganefnd skipt til aðila sem stuðla að byggð og gistingu í dreifbýli.
- 333 Hafnarmál: Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækki um 391 500 þús. kr. — Hafnarbótasjóður, framlag hækki um 39 150 þús. kr. — Sjóvarnargarðar hækki um 1 000 þús. kr. — Nýtt viðfangsefni: Hafnarframkvæmdir vegna skipaíðnaðar 1 000 000 þús. kr. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir 650 000 þús. kr. til þessara framkvæmda hjá Áhaldahúsi Vitamálastjórnar í B-hluta. Með breytingartillögu nefndarinnar er liður þessi fluttur í A-hluta og hækkaður um 350 000 þús. kr. Sérstök yfirlit í breytingartillögum nefndarinnar sýna skiptingu á þessum liðum.
- 342 Sjóslýsanefnd: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 10 000 þús. kr., sem skal varið til gerðar fræðslukvikmyndar um vinnuslys á sjó. Nýr liður: Yfirfærslur 2 000 þús. kr. sem ráðstafa skal til kynningar á björgunarneti.
- 471 Flugmálastjórn: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 400 000 þús. kr. og verði 2 285 000 þús. kr. Sérstakt yfirlit í breytingartillögum nefndarinnar sýnir skiptingu í þessum lið.
- 485 Ýmis framlög: Flugbjörgunarsveitir hækki um 3 000 þús. kr.
- 652 Veðurstofa Íslands: Liðurinn Veðurstöðvar hækki um 19 995 þús. kr. vegna launa veðurathugunarmanna.

### 11 Iðnaðarráðuneyti.

- 207 Eftirmenntun í iðju og iðnaði: Liðurinn hækki um 6 000 þús. kr. og verði 24 000 þús. kr. Fjárveitinganefnd mun skipta þessum lið í samráði við iðnaðarráðuneytið.
- 299 Iðja og iðnaður, framlög: Iðnráð og önnur starfsemi á sviði iðnaðar hækki um 2 250 þús. kr. — Nýr liður: Byggingaþjónustan 13 000 þús. kr. Liður þessi var í fjárlögum 1980, en féll niður við gerð fjárlagafrumvarps 1981.

### 13 Hagstofa Íslands.

- 101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa: Laun hækki um 8 500 þús. kr. Önnur rekstrar- gjöld hækki um 21 700 þús. kr. Sýnt er að stofnunin mun ekki nota um 33 000 þús. kr. af fjárveitingu ársins 1980, sem var ætluð til sérstakra tímabundinna verkefna, og er þessi hækkun ætluð til að ljúka verkefnum.

Alþingi, 10. des. 1980.

Geir Gunnarsson,  
form., frsm.

Eggert Haukdal,  
fundaskr.

Þórarinn Sigurjónsson.

Alexander Stefánsson.

Guðm. Bjarnason.